

Nd.

1066. Nefndarálit

[432. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Kvaddi hún á sinn fund Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra, Ólaf Ólafsson landlækni, Hauk Þórðarson, formann Læknafélags Íslands, Halldór V. Sigurðsson og Sigurð Hermundarson frá Ríkisendurskoðun.

Nefndin telur rétt að Ríkisendurskoðun fái þær almennu heimildir sem kveðið er á um í frumvarpinu til þess að hún geti rækt hlutverk sitt með viðunandi hætti.

Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að réttur sjúklinga til fulls trúnaðar um einkamál verði í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin telur að heilbrigðisráðuneytinu beri að hafa forustu um að móta verklagsreglur sem kveði m.a. á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum til lækna. Þannig verði nauðsynlegs trúnaðar gætt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 782.

Alþingi, 6. maí 1988.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Geir H. Haarde,
fundaskr.

Einar Kr. Guðfinnsson.

Kjartan Jóhannsson.

Guðmundur G. Þórarinnsson.

Steingrímur J. Sigfússon.